

Fornleifarannsókn í Móakoti 2015

Framvinduskýrsla



Pórunn Karólína Pétursdóttir
Sylvía Oddný Arnardóttir
Sólrún Inga Traustadóttir
Með viðbótum frá Gavin Lucas

Fornleifarannsókn í Móakoti 2015

© 2016 Þórunn Karólína Pétursdóttir, Sýlvía Oddný Arnardóttir,
Sólrún Inga Traustadóttir.

Forsíðumynd: Móakot 2015. Loftmynd tekin úr flygildi af uppgraftarsvæðinu. Númer í ljósmyndaskrá: 2015-12-204. Ljósmyndari: Gísli Pálsson.

Samantekt

Rannsóknin í Móakoti árið 2015 er hluti af áframhaldandi verkefni á vegum Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands í þeim tilgangi að veita fornleifafræðinimum uppgrafarreynslu og rannsaka efnismenningu 18. aldar hjáleigunnar Móakots. Þetta er þriðja árið sem uppgröftur fer fram á bæjarstæði Móakots og var svæðið stækkað um 10 x 10 m til vesturs þar sem í ljós komu fleiri mannvirki, stétt og ruslalög. Mannvirkin hafa fleiri en eitt byggingarstig líkt og þau sem voru grafin upp 2013-2014. Gripafundir voru 335, þar af er leir stærsti efnisflokkurinn, þarnæst gler og dýrabein.

Efnisyfirlit

Myndaskrá	5
Inngangur	6
Bakgrunnur verkefnisins	6
Staðurinn.....	7
Aðferðafræði	8
Uppgröfturinn 2015	10
Lýsing á byggingum og öðrum mannvirkjum	10
Mannvirki A	10
Mannvirki B	11
Mannvirki C	11
Gripir	12
Steinn.....	13
Málmur.....	13
Leir.....	14
Gler	16
Lífrænt efni.....	17
Textíll.....	18
Viður	18
Kol.....	18
Bein.....	18
Aldursgreining og eðli staðarins.....	19
Umræða	19
Heimildaskrá	21
Viðaukar	23
Einingaskrá	23
Harris Matrix-Flæðirit.....	30
Ljósmyndaskrá.....	31
Fundaskrá.....	38


Myndaskrá

Mynd 1 Loftmynd af hluta Seltjarnarness, rauði depillinn sýnir uppgraftarsvæði Móakots.....	6
Mynd 2 Uppgraftarsvæðið og nemandi notar alstöð við mælingar. Horft mót austri. Ljósmynd. Gavin Lucas.	9
Mynd 3 Kort af uppgraftarsvæðinu árið 2015. Kortagerð: Sigurður S. Stefánsson, Svavar Níelsson og Ann Bailey.	10
Mynd 4 Loftmynd af uppgraftarsvæði sem sýnir skiptingu mannvirkja. Ljósmynd. Gísli Pálsson....	11
Mynd 5 Gripir flokkaðir eftir efni.	12
Mynd 6 Fimm krónu peningur frá 1978.	13
Mynd 7 Handfang 2015-12-99.	14
Mynd 8 Diskur 2015-12-296 úr hvítleir með asísku munstri.	15
Mynd 9 Brot (2015-12-154) úr Westerwald könnu eða krús, framleitt 1675-1700.	16
Mynd 10 Tafla sem sýnir flokkun á gleri eftir lit.	16
Mynd 11 Sveppur 2015-12-202.....	17
Mynd 12 Loftmynd af uppgraftarsvæðinu og nemendum. Ljósmynd. Gísli Pálsson.	20

Inngangur

Bakgrunnur verkefnisins

Uppgröfturinn á bæjarstæði Móakots fór fram 5. maí til 5. júní 2015 undir stjórn Dr. Gavin M. Lucas og leiðbeinandi var Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur. Uppgröfturinn er á vegum Háskóla Íslands í samstarfi við Seltjarnarnesbæ og Þjóðminjasafns Íslands. Uppgrftarleyfi veitti Minjastofnun Íslands og fékk rannsóknin númerið 20060535 og eftirfarandi safnnúmer hjá Þjóðminjasafni Íslands, 2015-12. Nemendur við Háskóla Íslands tóku þátt í uppgreftinum sem er hluti af BA námi í fornleifafræði við háskólann. Þeir nemendur er tóku þátt í ár eru: Ann Elizabeth Bailey, Antonio Redon Snell, Arna Vény Guðmundsdóttir, Bóel Hörn Ingadóttir, Jóhann Malmquist, Sigurður Snæbjörn Sigurðsson, Svavar Níelsson, Sylvía Oddný Arnardóttir og Vilborg Magnúsdóttir.



Mynd 1 Loftmynd af hluta Seltjarnarness, rauði depillinn sýnir uppgriftarsvæði Móakots.

Fyrsti hluti rannsóknar á bæjarhóli Móakots hófst 2013 og stóð yfir í mánuð, en þá var 13 x 16 metra svæði opnað á bæjarhólnum, auk þess sem að 10 x 5 metra svæði var grafið í hringlaga gerði norðvestar á nesinu. Vorið 2014 var svo haldið áfram að grafa á Móakoti þar sem frá var horfið árinu áður. Sumarið 2015 var uppgriftarsvæðið á bæjarhólnum stækkað um 10 x 10 metra til vesturs með það

að markmiði að rannsaka mannvirki sem komið höfðu í ljós við jaðar uppgraftarsvæðisins sumarið áður.

Staðurinn

Nes á Seltjarnarnesi var kirkjustaður fyrr á öldum og árið 1703 var ábúandi sýslumaðurinn Jón Eyúlfsson samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Selstaða var á jörðinni sem hét Nessel og var hún í Seljadal undir Grímafelli. Verstaða fylgdi jörðinni sem hét Suðurnes og voru þar sex verbúðir: Stórabúð, Morastaðabúð, Hannesarbúð, tvær tómthúsmannsbúðir og sjóbúð. Hjábýlin voru níu: Nyebær, Jónshús, Giesthus, Þiskhus, Smidshus, Móakot, Kot og Rádagierde. Þrjár hjáleigur voru heima við bæjinn: Bakrangur, Nordurbær og Jacobshus. Einnig var þar tómthús að nafni Dugguhus. Svo var lögbýli í óskiptu landi á lóð Nes sem hét Byggarður ásamt fjórum ónafngreindum hjáleigum. Árið 1703 var ábúandi Móakots Grímur Ellendsson samkvæmt Jarðabók, og eru það elsta ritaðu heimildir um mannvist á bænum. Það bjuggu fjórar manneskjur í kotinu og voru með tvær kindur og tvær kýr. Eldiviðurinn var tekinn í mósukurði og leigan borguð í fiski.¹

Í áfangaskýrslunni frá 2014 segir að munnleg heimild bendi til að Móakot hafi farið í eyði 1779 (þó fornleifar bendi til annars). Hins vegar má ekki rekja nákvæmlega hvaðan sú heimild kemur; í áfangaskýrslunni er vitnað í *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi* (1980, bls. 9). Þar er sama ártal notað, en ekki kemur fram að heimildin sé munnleg, og ennfremur vísar sá texti í *Seltirningabók*, þar sem stendur: „Móakot er hjáleiga frá Nesi, sem virðist vera í byggð fyrri hluta 18. aldar, en er sögð vera komin í eyði 1779.“² Enn og aftur kemur ekki fram að heimildin sé munnleg, né hvaðan hún kemur, sem dregur frekar úr trúnaðargildi hennar. Hinsvegar er ekki ólíklegt að, hafi kotbýlið hafi farið í eyði seint á 18. öld - snemma á 19. öld (sem er ekki ómögulegt, enda fundust við rannsóknir a.m.k. tvö mismunandi byggingastig), hafi það gerst rúmum tuttugu árum síðar. Í heimildum eftir Jón Espólín kemur fram að í Básendaflóðinu 1799 hafi margar jarðir á Seltjarnarnesi eyðilagst í óveðrinu og flóðinu sem því fylgdi, auk þess sem að bæði Hvalsneskirkja og Neskirkja hreinlega fuku út í veður og vind.³ Auk þess gekk sjór

¹ JÁM III.

² Heimir Þorleifsson 1991, bls. 136.

³ Lýður Björnsson 2006, bls. 6.

víða 300 faðma inn í land (ca. 500-600 metra). Jafnvel þó að ekki verði mögulegt að skera úr um þetta má jafnvel hafa í hug í seinni rannsóknum þau áhrif sem slíkar náttúrhamfarir hljóta að hafa haft á byggð frá þessu tímabili, og hvort að megi rekja þær í fornleifasamhenginu, eða jafnvel jarðvegsseltu.

Frekari samantekt á ritheimildum um Móakot og nágrenni má m.a. finna í framvinduskýrslum fyrri ára og skráningaskýrslunni *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi* frá 2006 eftir Elínu Hreiðarsdóttur og Rúnar Leifsson.

Aðferðafræði

Uppgriftarsvæðið þetta árið var stækkað um 10 x 10 metra eins og fyrr segir til þess að rannsaka frekar þær fornleifar sem komið höfðu í ljós við vesturenda uppgriftarsvæðisins árið 2014. Ekki var farið dýpra á því svæði sem hafði verið grafið 2014, en safnað var saman lausafundum sem komið höfðu upp í jarðvegsrofum vegna frosts veturinn á undan. Viðfangsefni rannsóknarinnar 2015 var því að afhjúpa frekari minjar og mannvirki og komast að því hvort þau væru frá sama tímabili og þau sem eru austar og sunnar á svæðinu.

Grafið var í einingaaðferð (e. *single-context recording*) en uppgriftaraðferðin gengur út á að skilgreina einn atburð í myndunarsögu jarðlags sem eina einingu. Þannig getur m.a. hreyft foklag utan mannvirkis, stakur veggur, steinn eða móaska verið túlkað sem ein eining. Byrjað er á að fjarlægja þá einingu sem er yngst og upplýsingar um hana skráðar niður og síðan haldið áfram í næstu einingu. Hver eining fær sitt einkennandi hlaupandi númer sem er fært inn í flæðirit og það sýnir öll sambönd milli hverjar einingar fyrir sig.⁴

⁴ Sjá flæðirit í viðauka.



Mynd 2 Uppgriftarsvæðið og nemandi notar alstöð við mælingar. Horft mót austri. Ljós. Gavin Lucas.


Alstöð var notuð við rannsóknina til þess að skrá hverja einingu, sýni og fundargripi (nema bein) í uppgreftinum. Upplýsingar frá alstöðinni voru færðar inn í gagnagrunns- og landupplýsinga forritið *Intrasis* (*Intra-site Information System* - http://www.intrasis.com/engelska/index_eng.html). Jafnframt var reynt að skrá (og ljósmynda) sem flesta gripi inn í gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands (www.sarpur.is) jafnóðum og tími gafst til. Einnig voru fáeinir jarðlagseiningar handteiknaðar til þess að þjálfar nemendur í mismunandi aðferðum sem notaðar eru í fornleifauppgröftum.⁵

Ekki reyndist alltaf auðvelt að greina á milli jarðlaga þar sem þau voru mjög röskuð og ormétin, svo að skil á milli laga voru stundum geðþóttakennd. Öll jarðlög og mannvirki voru ljósmynduð og þeim lýst á sérstökum skráningablöðum.

⁵ Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir 2015.

Uppgröfturinn 2015

Lýsing á byggingum og öðrum mannvirkjum




Mynd 3 Kort af uppgriftarsvæðinu árið 2015. Kortagerð: Sigurður S. Stefánsson, Svavar Níelsson og Ann Bailey.

Á svæðinu sem var opnað árið 2015 komu í ljós tvö ný mannvirki, hellulögð stétt sem er sama stétt og var grafin fram árið áður á eldri og austari hluta uppgriftarsvæðisins og móösku- og ruslalög.

Mannvirki A

Mannvirki A var grafið fram á árunum 2013 og 2014 og ekki var grafið frekar þar árið 2015. Mannvirkið hefur a.m.k. tvö byggingarstig, en einhverjar tilfæringar hafa verið gerðar á veggjum, auk þess sem hringlaga byggingu hafði verið bætt við norðurhlíð á seinni stigum (fjarlægð 2014). Einnig er greinilegt að byggingin hafi verið stækkuð til austurs en móöskuhaugur gengur nú undir austurvegg

hennar.



Mynd 4 Loftmynd af uppgriftarsvæði sem sýnir skiptingu mannvirkja. Ljós. Gísli Pálsson.

Mannvirki B

Mannvirki B kom í ljós á norður hluta nýja uppgriftarsvæðisins. Byggingin er aflöng og vísar í A-V með steinaröðum innan hennar sem gætu hafa verið undirstöður viðargólfs. Ekkert gólf fannst annars í byggingunni og er líklegt að gólfið hafi verið þiljað og þjalirnar fjarlægðar þegar notkun hennar var hætt. Jarðlögin ofan á byggingunni einkenndust af afar blönduðum jarðvegi og ormétnum, líkt og flest þeirra jarðlaga sem liggja ofan á byggingunum á svæðinu og utan þeirra. Innan byggingarinnar fundust 19. aldar leirker og má því telja að byggingin sé ein af yngri byggingum á svæðinu. Ytri veggjaþrún á vesturvegg mannvirkisins gengur í suðurátt og tengist vegg sem afmarkar mannvirki C (sjá mynd 3). Því hafa mannvirkin verið í notkun samtímis yfir eitthvað tímabil.

Mannvirki C

Mannvirki C er staðsett suður af mannvirki B og deilir vesturvegg þess. Það virðist þó vera að einhverju leiti undir mannvirki B (sem hefur verið byggt hærra uppi) en hefur verið notað samtíma B eins og vesturveggur gefur til kynna. Norður- og suðurveggir eru vel greinanlegir en austurvegginn þarf að greina betur og skoða samhengi við mannvirki A. Inngangur er við suðurenda og út frá honum liggur


hellulögð stétt sem tengist stéttinni fyrir framan mannvirki A. Einnig tengist ytri veggjabrún á suðurvegg mannvirki A.

Í NV-enda uppgraftarsvæðisins virðist vera að koma í ljós önnur bygging sem liggur neðar og undir mannvirki B. Þar eru einnig móöskulög sem liggja undir B. Á austari hluta eru tveir steinhlaðnir torfveggir úr tveimur ólíkum byggingum og ganga undir sniðið til norðurs. Austast á svæðinu er einnig að finna móöskuhaug sem kom í ljós árið 2013 og gengur undir mannvirki A til vesturs. Óregluleg hrúga af steinum var fyrir utan mannvirki A í suðausturhorninu (sjá mynd 1) og var fjarlægð 2015. Hugsanlegt er að þetta séu leifar af byggingarefni fyrir mannvirkin í Móakoti eða að um sé að ræða seinni tíma rask þar sem steinar hafi verið fjarlægðir úr mannvirkjum.

Eitt af markmiðum vettvangsrannsóknar 2016 verður að greina betur tengingu og fasaskiptingu þessara mannvirkja.

Gripir

Í uppgreftinum voru skráðir 335 fundir alls, að minnsta kosti 1451 stök brot og til viðbótar mikill fjöldi samsafna af beinum og skeljum (áætluð 7743 gr. í heild). Í þessum kafla verður hluta gripanna gerð skil en nánari gripagreining mun fara fram í nánustu framtíð. Flestir gripanna fundust í röskuðum yfirborðslögum, sem



Mynd 5 Gripir flokkaðir eftir efni.

Þó virðast hafa blandast saman við efnisleifar hjáleigunnar að einhverju leiti. Mest af þessu voru leirkersbrot, glerbrot, dýrabein og járn/aðrir málmar í formi nagla og búta. Lítið fannst af viði, mikið af honum kolaður, og virðast varðveisluskilyrði ekki vera góð á þessu svæði, svipað og á eldra uppgriftarsvæðinu (austurhluti). Í öskuhaug, fyrir utan mannvirki C, fannst gífurlega mikið af dýrabeinum, þar af mest fiskibein, og voru tekin sýni úr þessu lagi [71380]. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hlutföll á milli efnisflokka gripanna.

Steinn

Í heild voru skráð átján númer, 39 steinar í heild. Þar af voru sex tinnusteinar og eitt greinanlegt brýnisbrot (2015-12-273). Tinna getur bæði verið gráleit eða svört, hún er hörð bergtegund úr nær hreinni myndlausri kísilsýru. Hún myndast sem lög eða hnútar í kalksteini. Hún skiptist í kjarnatinnu og flögutinnu.⁶ Auk þessa fundust átta vikurmolar, þó óvíst sé hvort þeir hafi borist á svæðið náttúrulega, eða hafi haft einhvern verklegan tilgang, eins og t.d. til að brýna nálar eða í leðurvinnslu.⁷

Málmur

Í heild voru skráð 43 númer, sem töldu ríflega 102 málmgripa eða brot, mest var af járnri þar af 61 nagli.

Á meðal greinanlegra gripa má telja fimm krónu pening frá árinu 1978, sem fannst í yfirborðslaginu (2015-12-15). Þó að hann tengist ekki beint búsetu og kotbýlinu, gefur hann greinilega tímasetningu á áframhaldandi mannvist í kringum og við bæjarhólinn eftir að hann fór í eyði. Auk annars nútímarusls sem fannst á svæðinu (m.a. tjaldhæll og plast) bendir hann til áframhaldandi mannaferða á svæðinu og sýnir fram á samspil rústa við nútímann



Mynd 6 Fimm krónu peningur frá 1978.

⁶ Orðabanki íslenskrar málstöðvar.

⁷ Munnleg heimild, Lísabet Guðmundsdóttir þann 25.04.2016.

hverju sinni. Einnig gæti hann og aðrir álíka gripir bent til um mikla blöndun yfirborðslagsins við neðri lög þegar hóllinn var sléttaður og/eða þegar önnur seinni tíma röskun varð á honum.

Einnig fannst hringlaga hólkur (2015-12-99) úr málm, með upphleyptri rönd á öðrum enda. Við röndina er áletrunin: SOLID NICKEL. Á hinum endanum er keilulaga stykki, heilt í gegn. Stykkið er breiðast við samskeytinguna, mjókkar svo og breikkar aftur við endann. Á endanum er tígullaga munstur greipt í flötinn og fjórar skorur neðst á innaverðri hliðinni. Þetta er líklega hluti af krana, eða hugsanlega einhverskonar haldfang. Óvíst er hvort að gripurinn hafi verið notaður þegar kotið var í byggð, eða hvort að honum hafi verið hent sem rusli og blandast jarðlögnum seinna þegar rústunum var raskað.

Einnig fundust brotinn lykill (2015-12-159) og fígúra úr járn (2015-12-155) sem áhugavert væri að skoða frekar.

Leir

Leirker eru oft stærsti gripaflokkurinn sem finnst við fornleifarannsóknir á Íslandi. Áður tilheyrðu flest leirker tímabilinu frá siðaskiptum, uppúr 1550, til nútíma en eftir að fornleifarannsóknum fjölgaði á síðari hluta 20. aldar hefur þetta breyst⁸ og hafa verið að finnast leirkersbrot allt frá 11.öld.

Hundrað og þrjú númer voru skráð, alls 422 leirkersbrot. Sum brot voru skreytt svo það getur verið að

einhver brot eiga eftir að hjálpa við aldursgreiningu en ekki er búið að rannsaka að fullu öll brotin sem eru skreytt eða með einhver sérkenni. Nokkur er þó búið að aldursgreina. Þar sem leirkerin hafa lítið verið rannsökuð að svo stöddu og fá brot af hverjum grip, þá hefur ekki verið hægt að flokka markvisst gerð leirkeranna eða greina í hvaða tilgangi þau voru notuð en það eru um 50 leirkersbrot sem talin eru vera úr einhvers konar pottum eða ílátum. Það eru engar frumheimildir um innflutning á leirkerum til landsins en samkvæmt rannsóknum Guðrúnar




Mynd 7 Handfang 2015-12-99.

⁸ Sigríður Þorgeirsdóttir 2010, bls. 6.

Sveinbjarnardóttur, þá hafa leirker aðallega verið flutt inn til Íslands frá Norðurlöndunum, Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi.⁹

Það fundust þrjú krítarpípubrot (2015-12-71 og 2015-12-142) en þar sem að þau voru ómerkt og án stimpils hjálpa þau ekki við aldursgreiningu. Þó mætti athuga hvort þau séu samskonar og þau brot sem fundust í rannsókninni árið áður.

Yfir hundrað brot úr rauðum músteini fundust við uppgröftinn. Áhugavert væri að rannsaka nánar hvað það segir um staðinn, hvort að það komi frá Nesi eða lengra að. Gamla landlæknissetrið (Nesstofa) er múrað, en er byggt úr steini en ekki múrsteini.



Mynd 8 Diskur 2015-12-296 úr hvítleir með asísku munstri.

Í leirkerasafninu eru að finna þónokkur brot sem gætu nýst til aldursgreiningar, gefið upplýsingar um innflutning og efnahag staðarins. Hér á mynd má sjá brot úr disk (2015-12-296) úr hvítleir, með asísku munstri sem er blátt á hvítum fleti og hefur verið reynt að gera við hann en það má sjá viðgerðarholu þegar brotunum er púslað saman (sjá mynd 9).

Leirkersbrot (2015-12-154) fannst í röskuðu jarðlagi [68629] innan suðurhluta mannvirkis, það er steinleir af tegundinni Westerwald sem heitir eftir svæði á austurbakka Rínar í Þýskalandi. Auðkenni þess er ljósgrár eða ljósbrúnn leir með gráum saltglerungi. Þessi flát eru oftast skreytt með upphleyptu skrauti sem upphaflega var málað með kólbalt-bláum lit. En frá ca. 1675-1700 var einnig málað með fjólubláu, sem hjálpar enn frekar við aldursgreiningu. Á sautjándu öld voru stórar og smáar könnur með kúlulaga belg algengastar, stórar drykkjarkrúsir með hanka og loki fyrst á átjándu öld og koppar frá miðri átjándu öld¹⁰ og því líklegt að brotið sem fannst í Móakoti sé úr slíkum grip en efsti hluti brotsins er einmitt málaður fjólublár. Það má því leiða líkur að því að leirkersbrotið sé hluti af

⁹ Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1996.

¹⁰ Guðrún Sveinbjarnardóttir 1996.

erfðagrip, þar sem liturinn einkennir tímabilið 1675-1700, en fyrsta staðfesta búseta í Móakoti er 1703 eins og áður hefur komið fram. Það er þó ekki ólíklegt og fremur sennilegt að slík leirker hafi verið til sölu á Íslandi eftir þann tímaramma sem þau voru framleidd í Þýskalandi.




Mynd 9 Brot (2015-12-154) úr Westerwald könnu eða krús, framleitt 1675-1700.

Það voru fjögur brot af jarðleir (2005-12-310) í lagi [68120] eru líklega brot úr sama hlut og eru hornmáluð svokölluð eða “slip decorated” (sbr. Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1996).

Gler

Skráð voru sjötíu númer í glerflokki, í heildina 126 glerbrot og 49 brot sem eru rúðubrot eða óskilgreind brot þar af eru tvö blá á litinn (2015-12-227 og -253) og eitt fjólublátt brot (2015-12-336). Fjólubláa glerið er hægt að tímasetja frá 1880-1930¹¹ sem bendir aftur til þess að búseta á bænum hafi varað lengur eða mögulega hafist á ný eftir 1779 þegar búseta á að hafa lagst af.



Mynd 10 Tafla sem sýnir flokkun á gleri eftir lit.

¹¹ Lockhart 2006, bls. 45-56.

Flest brotin sem fundust teljast til flöskubrota eða 83 glerbrot og flest brotin sem fundust árið 2014 voru líka flöskubrot eða 42 brot sem bendir til neyslumeningar í einhverju formi. Það er 15 glerbrot sem eru talin vera rúðugler, þrjú þeirra eru glær en 11 ljósgræn. Úr uppgröftinum 2014 voru nokkur sægræn rúðubrot sem benda á 19. aldar framleiðslu.¹² Það er áhugavert að skoða þetta nánar því ólíkt árinu 2014 þá eru fleiri græn rúðuglerbrot sem finnast 2015, en hinsvegar voru fleiri glær árið 2014. Glær rúðugler eru einkennandi fyrir við lok 19. aldar því þá varð gler verksmiðjuframleitt. Það eru fimm fundir skráðir sem lyfjaglös og árið 2014 fundust fjögur brot. Þetta getur bent til lyfjanotkunar og nálægð við Landlæknisembættið á Nesi styður það.¹³ Aftur á móti getur verið að rusli hafi verið hent ofan í rústirnar eftir að byggð leggst af en flest brotin eru að finnast í yfirborðslögum. Ruslið kemur þá mögulega frá Nesi og nágrenni.

Lífrænt efni

Það fannst sveppur (2015-12-202) í lagi [68629]. Sveppur virðist vera sortukúla (l. *Bovista nigrescens*) eða merarostur, gorkúla sem er mjög algengur sveppur og vex í graslendi eða mómum, oft í nágrenni býla og er kúlulaga eða ílöng og 3-7 cm í þvermáli. Sveppurinn er fínn matarsveppur og er ætur þegar hann er hvítur í gegn og stinnur. Þegar að hann verður dökkbrúnn og þurr þá opnast hann og gróin fjúka burt. Á þessu stigi sveppsins kallast hann kerlingareldur eða skollaeldur. Sveppurinn sem fannst hefur líkast til verið á þessu lokastigi og kannski þess vegna sem hann hefur varðveist svona vel. Til þess að staðfesta tegund á sveppnum þá þarf náttúrufræðing til að skoða hann.¹⁴



Mynd 11 Sveppur 2015-12-202.

¹² Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir 2015, bls. 15.

¹³ Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir 2015, bls. 22.

¹⁴ Ása M. Margrétisdóttir 2013, bls. 114-115.

Textíll

Aðeins fannst einn textíll - smá snifsi af efni (2015-12-78). Það er hugsanlega einhvers konar tau eða ullarflóki, en þarfnast frekari skoðunnar undir smásjá. Því virðist ekki vera góð varðveisla á textílum í Móakoti, líkt og á öðrum lífrænum leifum nema hugsanlega beinum. Eins og minnst er á hér að ofan mætt þá athuga hvort að einhverir sérstakir þættir í umhverfinu hafi leitt til slíkrar slæmrar varðveisl.

Viður

Eins og áður hefur komið fram fannst lítið af viði – aðeins níu fundarnúmer eða 34 viðarbrot. Hversu lítið fannst af viði bendir til þess að varðveisluskilyrði hafa verið mjög léleg. Mikill raki eða lífeðlisleg virki gæti hafa verið í jarðveginum en þörf er á fleiri rannsóknum til að leiða það í ljós.

Kol

Í heildina eru skráð nítján fundarnúmer fyrir kol en oftast er um að ræða fleiri en eitt stykki undir hverju númeri. Alls 66 stykki af kolum fundust ásamt 8 gr. sýni af viðarkolum, þar af eru tólf stykki steinkol og 54 stykki viðarkol. Þó vissulega sé erfitt að mæla magn nákvæmlega eftir brotum þá virðist finnast meira af viðarkolum en steinkolum. Notkun á steinkolum hefur að öllum líkindum byrjað á 19. öld þegar smíðakol voru flutt til landsins en þau er ekki að finna í íslenskri náttúru.¹⁵

Bein

Alls eru skráð 52 fundarnúmer fyrir bein og eru þetta allt samsöfn (þ.e. fleiri en eitt bein undir hverju númeri), þar af að minnsta kosti 827gr. fiskbein, 2936gr. af blönduðum fiskibeinum og dýrabeinum, og að minnsta kosti 4913gr. af spendýra- og fuglabeinum.

Einnig fundust tennur og kjálki, hugsanlega úr hundi (2015-12-322). Í ljósi þess að það fannst kjálki úr hundi (2014-7-85) í uppgreftinum 2014 virðist það benda eindregið til hundahalds á bænum.¹⁶ Töluvert af fiskbeinum fundust líkt og frá árunum áður enda stutt var fyrir ábúendur að sækja fiskinn. Magn fiskibeina

¹⁵ Þór Magnússon 2004, bls. 303-304.

¹⁶ Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir 2015, bls. 25.

(og skelja) fer einnig vel saman við þær heimildir um að leigan á kotinu hafi verið borguð með fiski.¹⁷ Fiskisleggjurnar (2014-7-22 og -26) sem fundust 2014 eru þannig líka í samræmi við beinasafnið og gefa til kynna að einhver útgerðastarfsemi, til heimilisnota eða verslunnar, hafi farið fram á Móakoti, eins og á fleiri stöðum á Seltjarnarnesi.¹⁸

Aldursgreining og eðli staðarins

Á þessu stigi rannsóknar hafa ekki verið framkvæmdar ítarlegar aldursgreiningar á fornleifafræðilegum gögnum. Heimildir um að bærinn hafi farið í eyði á seinni hluta átjándu aldar verða að teljast óvissar og þarf að skoða þær betur, auk þess sem að vísbendingar um fleiri en eitt byggingastig benda til þess að bærinn hafi verið í notkun lengur en heimildir greina frá. Hjáleigan hefur að lokum farið í eyði, en svæðið hefur orðið fyrir breytingum eftir það og röskun hefur orðið á bæjarstæðinu af völdum túnsléttunnar. Þetta hefur að öllum líkindum haft áhrif á fundarsamhengi en í röskuðum yfirborðslögum er að finna bæði nútímarusl í bland við töluvert eldri gripi á við *Westerwald* leirkersbrotið. Ungir gripir og nútímarusl (plast, tjaldhæll, mynt) bendir til að bæjarhóllinn hafi fengið hlutverk sem einhverskonar ruslakista eftir búsetu, eða hreinlega að rusl hafi auðveldlega borist þangað vegna nálægðar við nútímabyggð.

Umræða

Komið hafa í ljós minjar frá ólíkum tímabilum búsetu í Móakoti og má leiða líkur að því að byggð hafi hafist fyrr á svæðinu en gert var ráð fyrir. Einnig má benda á tillögu Orra Vésteinssonar (1995) að rannsaka frekar hlutverk sjávarfangs á staðnum í samanburði við samskonar bæi á Suðurlandi, en það hefur nú þegar fundist töluvert af fiskibeinum og skeljum í uppgreftinum. Auk þessa væri áhugavert að rannsaka hvort mælanleg aukning sé á magni seltu í jarðvegsýnum sem hafa verið tekin úr gólfögum og umhverfi Móakots. Einnig hvort niðurstöður slíkrar greiningar varpi ljósi á hvenær kotið fór í eyði, heimildir benda til að „jarðir

¹⁷ JÁM III, bls. 243.

¹⁸ Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir 2015, bls. 26.

hafi spillst” á Seltjarnanesi og mögulegt er að túnin væru ónýtanleg vegna seltu, að minnsta kosti tímabundið.



Mynd 12 Loftmynd af uppgriftarsvæðinu og nemendum. Ljós. Gísli Pálsson.

Heimildaskrá

- Ágúst Ólafur Georgsson. 1980. *Fornleifaskráning á Seltjarnanesi*. Birna Gunnarsdóttir tók saman 1995. Reykjavík:Þjóðminjasafn Íslands.
- Ása M. Ásgrímsdóttir. 2013. *Matarsveppir í náttúru Íslands*. (3. prentun). Reykjavík:Mál og menning.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifasson. (2006). *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi. FS305 – 05221*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Guðrún Sveinbjarnadóttir. 1996. *Leirker á Íslandi*. Reykjavík: Rit Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands.
- Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2015. *Fornleifarannsókn í Móakoti 2014*. Framvinduskýrsla.
- Heimir Þorleifsson. 1991. *Seltirningabók*. Seltjarnanes:Seltjarnarnesbær.
- JÁM III. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Þriðja bindi*. [Önnur útgáfa]. (1980-90). Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn: Kaupmannahöfn.
- Lucas, G. 2013. *Research plan for the University of Iceland Training Excavation at Nes, Seltjarnarnes 2013*.
- Lockhart, B. (2006). The Color Purple: Dating Solarized Amethyst Container Glass. *Historical Archaeology* 40 (2), 45 – 56.
- Lýður Björnsson. 2006. Básendaflóðið 1799. *Vefnir* 6.
- Orri Vésteinsson. 1995. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn IV: Tillögur um rannsóknir og kynningu á menningarminjum í Nesi. FS008:95014*. Reykjavík:Fornleifastofnun Íslands.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. 2010. *Rannsókn á leirkerum frá Aðalstræti og Bessastöðum*. Ritgerð til M.A. –prófs. Reykjavík:Háskóli Íslands.
- Þór Magnússon. 2004. Málmsmíðar. Gripir til gagns og prýði. Í Árne Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans:Menningararfur á Þjóðminjasafni*, 303-311. Reykjavík:Þjóðminjasafn Íslands.

Heimildir af vefsíðum:

Intrasis.com. 2015. http://www.intrasis.com/engelska/index_eng.htm (Sótt 13.desember 2015).

Orðabanki. 2015.

<http://ordabanki.hi.is/wordbank/terminfo?idTerm=326112&mainlanguage=EN> (Sótt 12.desember 2015).

Viðaukar

Einingaskrá

Eining	Staður/ár	Gerð	Lýsing
70	Móakot/ 2014	Hellugólf	Liggur eftir miðju aðalmannvirkis. Stórir flatir steinar (50-60 cm), lagðir í 2-3 raðir þvert yfir. Líklega vantar steina á stöku stað. Móhella hluti af hellulögn við S-enda. Minni steinar lagðir á milli og eftir A-hlið. Hellur fara undir [75]. Ógrafið.
71	Móakot	Torfveggur	Torfveggur með steinhleðslum vestanmegin á uppgraftarsvæðinu. Ógrafið.
72	Móakot/ 2014	Stein/ Torfveggur	Austurveggur aðalmannvirkis. Auðmulið, aðeins sendið silt; gulbrúnt; einsleitt. Lagið er hæst 0,5 m. Óljós mörk, einkum við [57221]. A-hlið mjög óljós, hefur mögulega hrunið. Stórir steinar við innri hlið í 2-3 raða hæð. Ógrafið.
73	Móakot/ 2014	Hlað	Stórir hringlaga flatir steinar. Áberandi stór steinn beint á móti inngangi. Sumir steinanna virðast hafa orðið fyrir raski; eru hugsanlega úr vegg við innganginn. Ógrafið.
74	Móakot/ 2014	Gólf	Leifar af gólfi, niðurbjöppuðum jarðvegi í S-hluta aðalmannvirkis. Grafið í 6 hlutum: [56434], [56464], [56493], [56571], [56547], [56522]. Auðmulið, aðeins sendið silt; grænbrúnt/brúnt. Steinvölur og smásteinar inn á milli. 5-50 mm á þykkt. Lagið er nokkuð einsleitt og hefur tiltölulega skýr mörk. Mögulega rofið af seinni tíma stoðarholum.
75	Móakot/ 2014	Steinsylla/ brún	Steinsylla/brún eftir V-hlið aðalgangs, markar þröskuld inn í SV-herbergi mannvirkis. ~20 cm hærra en gólf gangs. Líklega sylla fyrir viðarþil. Jafnhátt [76], samtíma [70] og [76].
76	Móakot/ 2014	Hellugólf	Leifar af stétt í SV-horni V-herbergi. ~20x20 cm steinar. Að mestu horfið, 1,5 x 1 m svæði er eftir, hefur líklega upphaflega náð yfir allt herbergið. [79] er líklega hreyfðar leifar gólfs í N-hluta. Ógrafið.

77	Móakot/ 2014	Hrun	Mögulegt grjóthrun frá vegg, eða fylling milli veggjar [72] og [69]. Jarðvegur kringum steina: Auðmulinn, mið-dökkbrúnn, aðeins sendið silt, 10-15 cm á þykkt, nokkuð skýr mörk, mjög einsleitt. Inniheldur skeljabrot og steinvölur.
78	Móakot/ 2014	Steinveggur	Leifar af N-horni herbergis, steinar í 2 raða hæð. N við Stóran stein [53394]/[85]. Aðrir hlutar veggjar horfnir. Líklega samtíma [69] og stórum steini [53394]/[85]
79	Móakot/ 2014	Steinlögn	Hreyfð steinlögn í V-herbergi mannvirkis, N-hluta. Steinar eru 20-30 cm að þvermáli, liggja í mismunandi hæð og halla. Mjög hreyft. Steinar halla niður að dyrum inn í herbergi sem er mun lærra, mögulega var þessi hluti herbergisins mun lærra en til S (og N). Ef til vill hefur röskun einfaldlega náð lengra hér og ollið því að svæðið virðist „hrunið“. Samtíma [76] og líklega upphaflega hluti af/það sama og [76].
80	Móakot/ 2014	Steinsylla/ brún	Steinsylla/brún við N-enda mannvirkis; líklega samtíma [75], afmarka annað herbergi. Stórir steinar (30-40cm) með flatt yfirborð (nema einn) - afmarka líklega herbergi í NV-horni mannvirkis. Mjög illa raskað, einungis örfáir steinar eftir, sem veldur því að túlkun er nokkuð óviss.
81	Móakot/ 2014	Steinsylla/ brún	Steinsylla/brún, mögulega fyrir gafl. Um 10 cm hærri en steingólf við afturhluta mannvirkis. Eyður í syllu við hvorn enda - röskun?
83	Móakot/ 2014	Hellugólf	Leifar hellugólfs í NV-horni aðalmannvirkis. 4 litlir „flatir“ steinar (ca 20 cm) lagðir á torfleifar/rofinn torfvegg. Ógrafið.
84	Móakot/ 2014	Stein/moldar veggur	Stein- og moldarveggur, afturhluti mannvirkis. Viðbót/viðgerð á NV-hluta aðalmannvirkis. Jarðvegur (ekki mældur inn 2014): Auðmulinn; brúnn; aðeins sendið silt. Inniheldur stöku steinvölu og stóra steina (20-30 cm)

85	Móakot/ 2014	Steinn	Stór steinn (l: 90 cm, b: 60 cm h: 60 cm), nánast tígullaga. 2 minni steinar settir sem fleygar undir steininum á N-hlið. Jarðvegur undir og til hliðar, mögulega ormétið torf. Jarðvegur undir steini: Auðmulinn, gulbrúnn, aðeins sendið silt; inniheldur stöku steinvölu. ~10 cm á þykkt, einsleitt. Fundir: Keramik, bein, nagli. Sama og [53394]
87	Móakot/2015	Torfveggur	Torfveggur með steinum umhverfis mannverki 'B'. Líklega samtíma vegg [71]. Heldur áfram norður og suður; norður endanum var mögulega raskað eða hann endar bara. Suður endinn liggur í kringum mannvirki 'C' og tengist líklega vegg [71]
88	Móakot/2015	Torfveggur	Stein-og torfveggur á suður hlið mannvirkisins, hluti af mannvirki 'C'. Steinhlaðið á báðum hliðum, með torf- og jarðveg á milli. Veggur [71] liggur meðfram/yfir hann. Veggnum er skipt í tvo hluta; sitt hvoru megin við inngang. Austurhluti: 2,3m langur (liggur austur-vestur), 1,2m þykkur, austur-endi óljós, liggur líklega undir [82]. Vesturhluti: 1m langur (austur-vestur), þykkt óljós vegna röskunnar og vestur-endi óljós.
89	Móakot/2015	Steinveggur	Raskaður steinveggur - margir stórir (ca. 30 cm) steinar sam hafa fallið í óreglulegri línu (liggur norður-suður). Liggur við austur-enda mannvirkis 'B'; mögulega leifar austurveggs mannvirkis 'B', eða vesturveggur mannvirkis 'A' (eða bæði.) Uppgröftur mannvirkis ókláraður 2015.
90	Móakot/2015	Steinveggur	Veggur með flötu yfirborði; línulaga röð af stórum steinum (30-50cm), u.þ.b. 3m langur (liggur austur-vestur). Raskaður, mögulega steinar teknir úr. Liggur milli mannvirkis [91] og steinhrúgu [68303]. Nokkrir steinar úr vegg [90] fallnir yfir hrúgu [68303].


91	Móakot/2015	Rými	Stórt steinhlaðið rými, 4,5m norður-suður, ca. 3 metrar austur-vestur. Steinar settir með bilum í miðju rýminu - mögulegt að steinar hafi verið fjarlægðir til endurnýtingar (steinar ca. 30cm í stærð). Ekkert torf í milliveggnum, en mögulega ormétið og áður tengt við [57221]. Steinum dreift óreglulega og mögulega raskað. Mest ef norðurveggnum horfið, ef hann var einhverntíman til staðar. Rýmið aðgreinir/umlykur móöskuhaug og var líklega áður tengt við mannvirki 'A' á suðurhlið.
93	Móakot/2015	Steinveggur	Steinveggur á norður-enda uppgraftarsvæðisins. Veggurinn heldur áfram í sniði til suðurs, mögulega við mannvirki [91]. Liggur við/undir mannvirki [57221]. Flýtur á lagi [68120]. Samanstendur af þremur stórum steinum (ca. 40cm) á vesturhlið, og af sex minni steinum (ca. 20 cm) á austurhlið. 1,6m langur og 1m í breidd. Engin augljós torffylling á milli steinraða - er líklega ormétinn og hlutar teknir úr með part af [57221]. Lítur út fyrir að steinraðirnar tværi séu ekki tvö mismunandi mannvirki, heldur tveir helmingar af sama vegg, en misháir.
57221	Móakot/2014 /2015	Foklag	Hreyft dimmbrúnlegt foklag utan við mannvirkið. Þykkt um 10-15cm að norðan en þynnist út er sunnar og austar dregur. Talsvert um stóra steina, ef til vill úr vegggruni. Lag þetta var skipt upp í nokkra búta (A - K) til að hafa betri stjórn á fundaraðstæðum.
64980	Móakot/2015	Yfirborðslag	Yfirborðslag undir torfi. Líklega líka raskaðir torfveggir/þak blandað í, en áferð og ásýnd mjög einsleit og lagið mjög ormétið. Dökkbrúnt lag og molnar auðveldlega, að mestu leiti leirkennt set. Eitthvað af kolum, viðarflísum, smjörbeini og steinum í gegnum lagið, sem er 10-20cm djúpt, en mörk þess voru óljós. Lagið var raskað og í því fannst dálítið af beinum, postulíns-og leirkerabrotum, nöglum, viðarbrotum og skeljum.

65012	Móakot/2015	Jarðlag	Jarðlag, dökkbrúnt set-sandur með mikið af skeljabrotum og frekar einsleitt. U.þ.b 10cm í þykkt og mörk þess óljós á köflum. Einhver röskun að völdum róta og orma. Liggur undir lagi [64980]
65517	Móakot/2015	Jarðlag	Neðri hluti yfirborðslags innan byggingar. Enginn munur á því og yfirborðslagi [64980] svo þau eru líklega hin sömu. Mikið af stórum steinum, margir raskaðir en líklega einhverjir <i>in situ</i> - þar á meðal línu af steinum sem liggur í gegnum rýmið. Lagið er gul-brúnleitt á lit og auðmulið einsleitt leir-set. Það er ca. 5-10cm á þykkt og mörk þess eru mjög óljós. Í því fannst eitthvað af beinum og leirkersbrotum.
66570	Móakot/2015	Jarðlag	Neðri hluti yfirborðslags utan byggingar. Engin augljós munur á milli þess og yfirborðslagsis, heldur tilviljunarkennd aðgreining til þess að skilgreina mætti frekar staðsetningu og dreifingu gripa. Auðmulinn og einsleitur gul-brúnleitur jarðvegur, mörk lagsins óljós, dálítið sendinn. Eitthvað um mól og stærri steina og röskun af völdum orma og róta. Lagið er 10-20cm þykkt og djúpt við vegg á norðurhlið svæðisins má finna svarta gjósku (Mögulega úr Kötlu?).
67534	Móakot/2015	Jarðlag	Ljós eða dökkbrúnt jarðlag, auðmulið set og sendugt. Mörk þess eru óljós og lagið einsleitt, ca. 10cm á þykkt. Röskun af völdum orma og róta. Í því má finna stóra steina sem dattu líklega úr vegg. Í því fannst mest af beinum frekar en öðrum minjum.
67710	Móakot/2015	Jarðlag	Auðmulið, einsleitt jarðlag, gul-brúnleitt set með smá sandi, 10-15cm í þykkt. Í því var talsvert af smáum og stórum steinum og viðarkoli. Mörk þess eru óljós og röskun af völdum orma og róta. Hrun/fylling úr anddyri á suðurhlið; samtíma við lag [68629]. Í því fundust múrsteinsbrot, naglar, viðarkol og glerbrot.

68120	Móakot/2015	Jarðlag	Jarðlag utan mannvirkis, mögulega lag sem hefur myndast við yfirborð á síðasta stigi mannvistar. Nær í kringum norður, suður og vesturhliðar tveggja mannvirkja. Í raun geðþóttakennd aðgreining frá [66570] og [57221]. Auðmulinn og einsleitur jarðvegur, gul-brúnleit og sandkennt set með óljósum mörkum, ca. 5-10cm í þykkt. Röskun af völdum orma og róta, mikið um stóra steina, skeljahismi og möl. Þar fannst mest af beinum, eitthvað af járn, gler- og leirkerabrotum. Steinar í lagi ekki mældir upp 2015 og aðeins grafið að hluta til í boxum M, N og O.
68303	Móakot/2015	Steinhrúga	Steinhrúga; samsetning og upphleðsla óþekkt. Gæti verið hrúga af byggingarefni geymd nálægt húsinu eftir þörfum. Set eða leirlegur jarðvegur í hrúgunni, frekar þéttur og mið-dökkbrúnn og einsleitur. Mörk aðgreind við steinhrúgu. Dálítið af beinum og keramíki inn á milli.
68629	Móakot/2015	Jarðlag	Svæði innan mannvirkis í suðurhluta. Aftur geðþóttakennd aðgreining frá [67710] og [65517], en þau eru samtíma. Neðra yfirborðslag og ormétið hruninn veggur inn í mannvirkid. Jarðvegur auðmulinn, einsleitur og gul-brúnleit, dálítið sendinn, 20-40cm á þykkt. Eitthvað er um stóra steina og rask að völdum orma og róta. Eitthvað fannst af málmum, tinnu, gleri. Allt plast fannst í suðurhluta lagsins, og tengjast mögulega lagi [64980].
68773	Móakot/2015	Torfveggur	Torfveggur innan hlaðins steinveggs [72]. Austurhluti mjög raskaður/hruninn; líklega mjög veðraður og ormétinn. Litríkt torfmynstur undir röskun og undir því móaska. Mögulegt að torfmynstrin séu óröskuð (þ.e. ekki ormétin/líffræðilega raskað að öðru leiti). Móaska í sama lagi og á til að birtast undir steinum. Mjög auðmulinn og fínn gulbrúnn jarðvegur í kring, með stórum og smáum steinum, kræklingskeljar og viðarflísar. Mikið fannst af viði í laginu.

71380	Móakot/2015	Ruslahaugur	Haugur með ösku og fiskibeinum, líklega úrgangur frá eldhúsi kotsins. Sjáanlega frekar þykkur, nær mögulega í gegnum/yfir lag [68120] og jafnvel [64980]. Auðmulinn og einsleitur jarðvegur; dökkbrúnn og nánast svartur, sendinn jarðvegur. Mikið af fiski-og dýrabeinum, kolum, ösku og skeljum, eitthvað af málm. Röskun af völdum orma og róta. Ca. 10 cm þykkur og nær fyrir utan mörk uppgraftarsvæðisins. Hluta til grafið 2015 en 15 og 10 lítra sýni tekin - fyrra verkað á staðnum og annað seinna.
82/64155	Móakot/ 2014	Stein/ Tofveggur	Stein- og torfveggur, líklega eldri en aðalmannvirki. Að hluta til endurnýttur sem V-veggur fyrir það mannvirki. Upphafleg lengd veggjar er mjög óljós á þessum tímapunkti. Torf [64155]: Auðmulið; gult/dökkgrátt/gulbrúnt; flekkótt. Mögulega rofið af yngra mannvirki. Inniheldur gjósku - hugsanlega Katla.

Harris Matrix - Flæðirit



Ljósmyndaskrá

Mynd nr.	Dags.	Staður	Lýsing	Átt	Ljósmyndari
1	11/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd,opnun uppgraftarsvæðis.	N	GML
2	11/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd,opnun uppgraftarsvæðis.	N	GML
3	11/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd,opnun uppgraftarsvæðis.	N	GML
4	11/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd,opnun uppgraftarsvæðis.	N	GML
5	11/5/2015	Móakot	Svæðið hreinsað eftir að torfið var tekið af.	A	GML
6	11/5/2015	Móakot	Svæðið hreinsað eftir að torfið var tekið af.	N	GML
7	13/5/2015	Móakot	Vinnumynd.	N	GML
8	13/5/2015	Móakot	Vinnumynd.	NA	GML
9	13/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd.	N	GML
10	13/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd.	N	GML
11	13/5/2015	Móakot	Uppgriftarsvæðið 2014 í forgrunni. Uppgriftarsvæðið 2015 í bakgrunni.	A	GML
12	13/5/2015	Móakot	Vinnumynd.	SV	GML
13	15/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd.	NV	SOA/SN
14	15/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd.	NV	SOA/SN
15	15/5/2015	Móakot	Steinahrún, inní í byggingu.	A	SOA/SN
16	15/5/2015	Móakot	Steinahrún, inní í byggingu.	SA	SOA/SN
17	15/5/2015	Móakot	Steinahrún, inní í byggingu.	S	SOA/SN
18	15/5/2015	Móakot	Steinahrún, inní í byggingu.	V	SOA/SN
19	15/5/2015	Móakot	Steinahrún, inní í byggingu.	NV	SOA/SN
20	18/5/2015	Móakot	Vinnumynd.	S	GML
21	18/5/2015	Móakot	Vinnumynd.	S	GML
22	18/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd.	N	GML
23	18/5/2015	Móakot	Yfirlitsmynd.	N	GML
